

Minnisblað sviðsstjóra vegna grenndarkynningar bílaþvottastöðvar á Reykjavíkurvegi 54.

Þrenns konar athugasemdir bárust við grenndarkynninguna.

Í fyrsta lagi undirskriftarlistar og ein mótmæli, órökstudd. Geta ekki talist hafa vægi í grenndarkynningu.

Í öðru lagi frá fyrirtæki sem kvartar yfir loftmengun sem berist inn í loftræsikerfi fyrirtækisins. Inntakstúður þessa fyrirtækis eru í hæð 1,80 m, en með því að setja t.d. þetta timburgirðingu á milli, t.d. 2 m eða hærri, mætti koma í veg fyrir þetta.

Öl þriðja lagi frá húsinu Flatahrain 1, þar sem kvartað er yfir ónæði, einkum á nóttunni. Ef fallist yrði á erindi Löðurs þyrfti að gera það skilyrði að þvottastöðin yrði lokað á nóttunni, t.d. milli 11 og 8. Lögreglusamþykkt Hafnarfjarðar bannar ónæði milli 12 og 7 á virkum dögum og 12 og 8 um helgar. Einnig þyrfti að skilyrða að lóðarbletturinn bakvið þvottastöðina sem snýr að íbúarhúsunum yrði algjörlega lokaður og óaðgengilegur, t.d. með þéttum trjágróðri.